



Stjórn SSH 423. fundur

Mánudaginn 2. nóvember 2015, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Guðný Ívarsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson og Gunnar Einarsson.
Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Samstarfssamningur SSH og Vegagerðarinnar vegna stofnbrauta o.fl.

Hrafnkell Á Proppé, svæðisskipulagsstjóri, mætti á fundinn undir þessum dagskrárlið og gerði grein fyrir vinnu og stöðu verkefna sem tilgreind eru í samningnum.

2. Aðalfundur SSH 2015

Fresta þurfti aðalfundi SSH, sem halda átti 29. október sl. vegna skyndilegra forfalla fjármálaráðherra.

Rætt var um eftirfarandi:

a) Ný dagsetning fundarins.

- Samþykkt að undirbúa nýja boðun aðalfundarins í nóvembermánuði. Framkvæmdastjóra falið að kanna að nýju möguleika á þátttöku fjármálaráðherra og innanríkisráðherra í fundinum og að ný dagsetning verði ákveðin með hliðsjón af því.

b) Drög að ályktun á aðalfundi SSH vegna fjárhagsstöðu sveitarfélaganna og fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaganna og samantekt á tölulegum upplýsingum vegna þessa.

Umræður

Drögin og samantektin verða áfram til mótunar fram að aðalfundi.

3. Tillaga að sameiginlegri áskorun landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna fjárlaga 2016

Fyrir fundinum lágu drög að sameiginlegri áskorun allra landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna fjárlaga ársins 2016.

Umræður

Niðurstaða:

Drögin samþykkt með tveimur ábendingum um framsetningu og athugasemd um upphæðir í skýringum vegna halla á fjárhagslegu uppgjöri vegna þjónustu við fatlað fólk.

4. Erindi bæjarstjóra Seltjarnarness vegna bókanar um breytingar á tryggingakafli í kjarasamningi LSS og SNS

Upplýst var um stöðu máls.

5. SORPA bs. – rekstraráætlun 2016 - 2020

Fyrir lá rekstraráætlun SORPU bs. fyrir árin 2016-2020 ásamt greinargerð.

Umræður

Niðurstaða:

Frestað þar til niðurstöður vegna rekstrarúttektar byggðasamlagsins liggja fyrir, væntanlega um miðjan mánuð.



6. Málafni flóttafólks; málsnr. 1510001

Fyrir lá minnisblað frá félagsmálastjóra Mosfellsbæjar, sbr. 3. mál á 419. fundi stjórnar SSH. Ennfremur lágu fyrir gögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna undirbúnings að móttöku flóttafólks.

Umræður

7. Önnur mál:

- a) **„Allir í Strætó“ – erindi Sjálfsbjargar vegna aðgengi fatlaðs fólks að almenningssamgöngum**
Stjórn telur eðlilegt að málið verði tekið til skoðunar í tengslum við þá vinnu sem nú fer fram við greiningu á möguleikum til meiri skilvirkni við framkvæmd á ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.
- b) **Fjölsmiðjan – staða vinnu við endurskipulagningu innra starfs og fjárhags**
Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðu máls
- c) **Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna fjárhagsvanda tónlistarskóla í Reykjavík**
Lagt fram

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:05.